



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Málsnr: R19040052
Skjalasafn Ráðhúss
05. nóv. 2019
Bréfalykill: 1370

Ráðhús Reykjavíkur
b.t. Helgu Björk Laxdal
skrifstofustjóra borgarstjórnar
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Reykjavík 30. október 2019

1910017SA KB
Málalykill: 14.20

Efni: Könnun meðal sveitarstjórnarfólks

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 25. október 2019 var lögð fram samþykkt forsætisnefndar Reykjavíkur frá 27. september 2019, vegna viðhorfskönnunar meðal kjörinna fulltrúa, ásamt tillögum forsætisnefndar og ofbeldisvarnanefndar, dags. 16. febrúar 2018. Einnig var lagt fram meðfylgjandi minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 22. október 2019, um málið, ásamt fylgiskjali, dags. 27. maí 2019.

Eftirfarandi var bókað og samþykkt:

„Samþykkt að sambandið vinni að því að viðhorfskönnunin verði framkvæmd, eigi síðar en fyrri hluta næsta árs, í samvinnu við Reykjavíkurborg, Rannsóknarsetur um sveitarstjórnarmál og sveitarstjórnarráðuneytið, í tengslum við framkvæmd aðgerðar nr. 8 í fyrirliggjandi þingsályktunartillögu um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga.“

Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, verður fulltrúi sambandsins í verkefninu og vænta má að hún kalli fulltrúa viðkomandi aðila til fundar til að fjalla um næstu skref í málinu.

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Samrit: Rannsóknasetur um sveitarstjórnarmál
Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins

Afrit: Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins